



Starfsáætlun *Hlíðarskóla*

Skólaárið 2026-2027

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Almennt um skólann	4
Áherslur skólaársins	4
Stjórnskipulag	5
Skipurit	5
Starfsfólk skólaárið 2026 - 2027	5
Nemendur	6
Skóladagatal	6
Skýringar með skóladagatal	7
Skólareglur	8
Símareglur	9
Mötuneyti	9
Tómstundastarf og félagslíf	9
Forföll og leyfi	9
Innra mat og umbætur	9
Áætlanir skólans	10
Tilhögun kennslu – nám og kennsla	10
Starfsáætlun gæðaráðs	11
Umbótaáætlun	11
Starfsþróunaráætlun starfsfólks	11
Viðbragðs- og rýmingaráætlanir	13
Starfsáætlun nemenda	14
Stundaskrá nemenda	14
Helstu viðburðir og vettvangsferðir	14
Viðtalsdagar	14
Félög og ráð	15
Skólaráð	15
Nemendafélag/ nemendaráð /réttindaráð	15
Foreldrafélag	16
Forvarnarteymi	16
Valgreinar	18
Stoðþjónusta	18
Sérfræðiþjónusta	18
Skólaheilsugæsla	18

Fræðslu- og lýðheilsusvið.....	19
Samstarf við grenndarsamfélag.....	19
Samstarf við leikskóla	19
Samstarf við framhaldsskóla.....	19
Móttaka nýrra nemenda.....	19

Inngangur

Hér gefur að líta starfsáætlun Hlíðarskóla fyrir skólaárið 2026-2027

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skal hver skóli birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar með almennri stefnumörkun sem birtist í skólanámskrá og gildir í þrjú ár í senn og hins vegar upplýsingar sem eru breytilegar frá ári til árs og birtast í árlegri starfsáætlun sem gefin er út á hverju hausti.

Í starfsáætlun er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólastarfið. Má þarf nefna helstu áherslur og markmið skólans yfir skólaárið, upplýsingar um starfsfólk og þjónustu, skipulag skólans, fyrirkomulag kennslu, hefðir og venjur.

Starfsáætlunin er á ábyrgð skólastjóra og unnin í samráði við starfsfólk skólans. Áætlunin er unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Akureyrarbæjar í skólamálum. Þá ber fræðslu- og lýðheilsuráð að fjalla um áætlunina og staðfesta gildistöku hennar.

Starfsáætlunin er birt á heimasíðu skólans þegar haustönn er hafinn. Hægt er að fá starfsáætlun útprentaða ef þess er óskað.

Með von um gott og árangursríkt skólastarf skólaárið 2026-2027.

Valdimar Heiðar Valsson og Erla Margrét Hilmisdóttir

Skólastjórnendur Hlíðarskóla

Almennt um skólann

- Heimilisfang Hlíðarskóla er Skjaldarvík, 604 Akureyri
- Opnunartími skólans er frá 7.50 – 16.00
- Netfang : hlidarskoli@akureyri.is Skólastjórnendur: valdimar@akmennt.is og erlam@akmennt.is
- Heimasíða: hlidarskoli.is
- Símanúmer skóla: 414-7980
- Símanúmer húsvörðar – *enginn húsvörður er starfandi við skólann*
- Símanúmer frístundaheimilis – *engin frístund er við skólann*
- Símanúmer íþróttahúss/sundlauga – Íþróttamiðstöðin á Þelamörk 460 1780
- Trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn: Karen Ruth Aðalsteinsdóttir trúnaðarmaður kennara. Öryggistrúnaðarmaður: Guðmundur Elías Hákonarson

Áherslur skólaársins

Í Hlíðarskóla byggjum við skólastarfið á einkunnarorðunum VIRÐING, GLEÐI OG JÁKVÆÐNI. Við leggjum áherslu á jákvæð samskipti, fjölbreytileika og að allir fái að vera þeir sjálfir og njóti sín í skólastarfinu.

Teymisvinna er grunnur að starfsháttum skólans. Starfsfólk vinnur saman, deilir ábyrgð, þekkingu og reynslu og nýtir styrkleika hvers annars til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda. Lögð er áhersla á faglegt samstarf, sveigjanlegt skipulag og samþættingu námsgreina þar sem það á við.


Í skólanum er lögð áhersla á að nemendur séu virkir þátttakendur í eigin námi. Hlustað er á sjónarmið þeirra og leitast við að gefa þeim tækifæri til áhrifa á nám sitt og skólaumhverfi.

Skólastarfið byggir á lærdómssamfélagi og faglegri forystu. Unnið er markvisst að starfs- og skólaþróun og stöðugum umbótum með rýni í nám, kennslu og starfshætti.

Stjórnskipulag

- Skólastjóri Hlíðarskóla er Valdimar Heiðar Valsson
- Deildarstjóri og staðgengill skólastjóra er Erla Margrét Hilmisdóttir
- Deildarstjóri forvarna- og frístundamála er Freyja Kjartansdóttir (með aðsetur í Oddeyrarskóla)

Skipurit



Starfsfólk skólaárið 2026 - 2027

Starfsfólk

Arna Tryggvadóttir
Adrian Roca Fernandez
Brynhildur Smáradóttir
Erla Margrét Hilmisdóttir
Erla Kolbrúnardóttir
Guðmundur Elías Hákonarson
Guðmundur Ólafur Gunnarsson
Halldór Logi Valsson
Karen Ruth H. Aðalsteinsdóttir
Kristín Björk Gunnarsdóttir
Kristín Guðbjörg Snæland
Signý Valdimarsdóttir
Zakir Jón Gasanov

Starfsheiti

Þroskajálfi
Uppeldisfulltrúi
Skólahjúkrunarfræðingur
Deildarstjóri og staðgengill skólastjóra
Uppeldisfulltrúi
List- og verkgreinakennari
Umsjónarkennari
Persónuefling- og ART þjálfari
Umsjónarkennari
Umsjónarkennari
Umsjónarkennari
Félagsráðgjafi / fjölskylduráðgjafi
Uppeldisfulltrúi / matráður

Nemendur

Haustið 2026 eru nemendur skólans 19, þar af 15 drengir og 4 stúlkur. Hér eru nánari upplýsingar um fjölda nemenda í árgöngum.

1. Bekkur	0 nemendur
2. Bekkur	0 nemendur
3. Bekkur	2 nemendur
4. Bekkur	3 nemendur
5. Bekkur	3 nemendur
6. Bekkur	2 nemendur
7. Bekkur	0 nemendur
8. Bekkur	4 nemendur
9. Bekkur	2 nemendur
10. Bekkur	3 nemendur

Skóladagatal

Lög segja til um fjölda skóladaga nemenda og fjölda skipulagsdaga kennara bæði á skólatíma og á undan og á eftir skólaárinu. Á tímabilinu frá miðjum ágúst til miðs júní skulu nemendur fá 180 skóladaga, þar af 170 samkvæmt stundaskrá en 10 daga má nýta á annan hátt.

Starfsdagar kennara eru 5 á starfstíma nemenda og átta dagar þess utan. Þá daga sem gera má ráð fyrir að breytingar verði á stundaskrá kennara köllum við ýmist uppbrotsdaga eða skerta daga og eru þeir merktir sérstaklega á skóladagatal.

Uppbrotsdagar (fjólubláir á skóladagatali) eru einstaka skóladagar þar sem stundatöflu nemenda er breytt verulega en upphaf og lok skóladags er því næst þau sömu. Þessir dagar mega vera 10 talsins á hverju skólaári. Á uppbrotsdögum tekur vinnuframlag kennara mið af dagskrá og skipulagi dagsins. Að lokinni dagskrá hafa undirbúningur og úrvinnsla kennslu alltaf forgang. Uppbrotsdagur getur verið hálfur dagur eða hluti dags. Skertir skóladagar (gulir á skóladagatali) nemenda teljast ekki til uppbrotsdaga og geta verið 10 talsins skv. ákvörðun menntamálaráðuneytis. Skólasetningar- og skólaslitadagar, litlu jól, og útivistardaga og annað sem skólastjóri ákveður í hverjum skóla. Þessa daga tekur vinnuframlag kennara mið af fjölda kennslustunda í stundatöflu kennara auk annarra faglegra þátta. Kennslu lýkur að jafnaði klukkan 12.00 á skertum (gulum) dögum. Að öðru leyti skipuleggja skólastjóri og kennarar skólaárið. Skóladagatalið er birt á heimasíðu skólans.

<https://hlidarskoli.is/wp-content/uploads/2026/09/Hlidarskoli-skoladagatal-26-27-endurskodad.pdf>

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 L	1 M	1 F	1 S	1 F	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 M
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 M	2 F	2 S	2 M
3 M	3 F	3 L	3 M	3 F	3 S	3 M	3 L	3 M	3 M	3 F
4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 M	4 F
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 S	5 F	5 F	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 M	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 M	6 F	6 S
7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M
8 L	8 M	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 M
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 M	9 F	9 S	9 M
10 M	10 L	10 M	10 F	10 F	10 S	10 M	10 L	10 M	10 F	10 M
11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L
12 M	12 L	12 M	12 F	12 F	12 S	12 M	12 L	12 M	12 F	12 M
13 F	13 S	13 M	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 M	13 F	13 S
14 F	14 M	14 F	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M
15 L	15 M	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 L	15 M	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 L	16 M	16 M	16 F	16 S	16 M
17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 M	17 F	17 L	17 M	17 F	17 S
18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 M	18 F	18 M	18 F	18 L
19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 M	19 F	19 L	19 M	19 M	19 F
20 F	20 M	20 F	20 M	20 F	20 L	20 M	20 M	20 F	20 S	20 M
21 F	21 M	21 L	21 M	21 F	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 L
22 L	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 M
23 S	23 M	23 F	23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 M	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 L	24 M	24 F
25 F	25 M	25 F	25 M	25 F	25 L	25 M	25 F	25 M	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 M	26 F	26 L	26 M	26 F	26 L
27 S	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 M
28 F	28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 M	28 S	28 M	28 F	28 M
29 L	29 M	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 M
30 S	30 M	30 F	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 F	30 S	30 M
31 M	31 L	31 M	31 F	31 S	31 M	31 F	31 M	31 L	31 M	31 F
1 S	1 M	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 M
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 M	2 F	2 S	2 M
3 M	3 F	3 L	3 M	3 F	3 S	3 M	3 L	3 M	3 M	3 F
4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 M	4 F
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 S	5 F	5 F	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 M	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 M	6 F	6 S
7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M
8 L	8 M	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 M
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 M	9 F	9 S	9 M
10 M	10 L	10 M	10 F	10 F	10 S	10 M	10 L	10 M	10 F	10 M
11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L
12 M	12 L	12 M	12 F	12 F	12 S	12 M	12 L	12 M	12 F	12 M
13 F	13 S	13 M	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 M	13 F	13 S
14 F	14 M	14 F	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M
15 L	15 M	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 L	15 M	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 L	16 M	16 M	16 F	16 S	16 M
17 M	17 L	17 M	17 F	17 S	17 M	17 F	17 L	17 M	17 F	17 S
18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 M	18 F	18 M	18 F	18 L
19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 M	19 F	19 L	19 M	19 M	19 F
20 F	20 M	20 F	20 M	20 F	20 L	20 M	20 M	20 F	20 S	20 M
21 F	21 M	21 L	21 M	21 F	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 L
22 L	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 M
23 S	23 M	23 F	23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 M	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 L	24 M	24 F
25 F	25 M	25 F	25 M	25 F	25 L	25 M	25 F	25 M	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 M	26 F	26 L	26 M	26 F	26 L
27 S	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 M
28 F	28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 M	28 S	28 M	28 F	28 M
29 L	29 M	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 M
30 S	30 M	30 F	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 F	30 S	30 M
31 M	31 L	31 M	31 F	31 S	31 M	31 F	31 M	31 L	31 M	31 F

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Skýringar með skóladagatal

Dagsetning	Viðburðir
24. ágúst	Skólasetning
26. ágúst	Útivistardagur. Gönguferð sem endar í Kjarna með grilli. (Uppbrotsdagur)
28. ágúst	Sigling með Húna II. Allur nemendahópurinn
16. september	Dagur íslenskrar náttúru. Unnið að verkefnum tengdum náttúrunni. (Skertur dagur)
1. október	Starfsdagur, nemendur í frí
13. – 14. okt.	Pemadagar. Hefðbundin kennsla brotin upp og nemendur vinna að þematengdum verkefnum. Pema: Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið. (Uppbrotsdagur)
15. október	Kynninga á verkefnum og viðfangsefnum þemadaga. (Skertur dagur)
26.-27. október	Hautfrí
16. nóvember	Dagur íslenskrar tungu. (Skertur dagur)
23. nóvember	Starfsdagur, nemendur í frí
1. desember	Fullveldisdagurinn – Jólaundirbúningur (Uppbrotsdagur)
18. desember	Litlu jól (Skertur dagur)
4. janúar	Starfsdagur, nemendur í frí
19. janúar	Lærum í leik (Skertur dagur) - áhersla lögð á að nálgast nám í gegnum leik
10. – 12. febrúar	Vetrarfrí
18. mars	Árshátíð skólans. (Uppbrotsdagur til kl.14.00 og skertur dagur frá 14.00-16.00.) Markmiðið er að efla félagsþroska, þjálfra framsögn, leikræna tjáningu og framkomu og síðast en ekki síst hafa gleði og gaman af. Nemendur selja veitingar á árshátíð til styrktar vorferða þeirra.

5. apríl	Útivistardagur (Uppbrotsdagur) Með fyrirvara um breytingar á dagsetningu, sem ræðst af veðri og öðrum þáttum
21. og 26. apríl	Starfsdagar, nemendur í frí
12. – 13. maí	Þemadagar. Hefðbundin kennsla brotin upp og nemendur vinna að þematengdum verkefnum. (Uppbrotsdagur)
25. maí	Vorleikar og bátakeppni (Uppbrotsdagur) Nemendur taka þátt í óhefðbundnum keppnisgreinum. Keppt um farandbikar. Bátakeppni eftir hádegi, allir nemendur taka þátt í keppni um hraðasta bátinn með bát sem þeir hanna og smíða sjálfir.
27. maí	Útivistardagur að vori og áheitahlaup. (Skertur dagur) Nemendur safna peningi sem þeir gefa völdu góðgerðarfélagi.
Fyrsta vika júní	Dagsferðalög nemenda og kennara.
10. júní	Skólaslit

Skólareglur

Almennar skólareglur Hlíðarskóla

Framkoma og hegðun: Nemendur skulu ávallt leitast við að koma fram af þróðmennsku og háttvísi í skólanum og annars staðar þar sem þeir eru á hans vegum. Nemendum ber að fara eftir fyrirmælum starfsmanna skólans og virða skólareglur. Ekkert ofbeldi er liðið hvorki með orðum né gjörðum. Nemendur gera sitt besta í öllum aðstæðum og hafa að leiðarljósi að koma fram við aðra eins og þeir vilja láta aðra koma fram við sig.

Umgengi: Í Hlíðarskóla berum við virðingu fyrir eignum skólans og annarra og göngum vel um. Við röðum skóm í hillur og hengjum fatnað á snaga.

Stundvísi/mætingar: Öll mæta á réttum tíma og taka virkan þátt í öllu því starfi sem fram fer í skólanum. Ef nemendur mæta ekki er strax óskað eftir skýringum frá foreldrum og þær skráðar í Mentor. Ef fjarveran er án gildrar ástæðu (veikindi eða leyfi) þurfa foreldrar að koma börnum sínum í skólann. Í undantekningartilfellum koma starfsmenn Hlíðarskóla heim til nemenda og hjálpa foreldrum að koma þeim í skólann. Við ítrekuð brot á mætingaskyldu setja foreldrar/forráðamenn, fjölskylduráðgjafi og umsjónarkennari nemandans upp áætlun um viðbrögð og geta þau t.d. verið að vinna upp tíma með auka aðstoð eftir hefðbundin skólatíma, auknu heimanámi o.s.frv. allt eftir orsökum vandans.

Fatnaður og frímínútur: Nemendur skulu vera snyrtilegir til fara og klæddir eftir veðri. Nemendur fara út í frímínútur dag hvern. Nemendur skulu nota frímínútur til salernisferða og vatnsdrykkju eftir því sem því verður við komið.

Sælgæti: Nemendur skulu ekki hafa sælgæti um hönd í skólanum né í ferðum á vegum skólans nema það sé sérstaklega tekið fram.

Reykingar, áfengi og aðrir vímuefni: Reykingar eru ekki leyfðar á skólatíma og alls staðar þar sem nemendur eru á vegum skólans, s.s. á skólaskemmtunum, í vettvangsferðum og í skólaferðalögum. Í skólanum er notkun og meðferð áfengis og annarra vímuefna stranglega bönnuð og gildir það einnig á skemmtunum, í öllum ferðum og í allri starfsemi á vegum skólans.

Tæki: Tölvubúnaður Hlíðarskóla er eign skólans og fyrst og fremst ætlaður til náms, kennslu, kynningar og annars er samræmist markmiðum skólans. Nemendum er óheimilt að nota GSM síma, iPad, leikjatölvur eða sambærileg tæki og önnur leikföng í kennslustundum nema í samvinnu við kennara.

Hættuleg tæki og tól: Ekki er leyfilegt að koma með eldfæri og hvers kyns hluti sem beita má sem vopnum í skólann.

Eigur nemenda: Skólinn tekur ekki ábyrgð á eigum og fjármunum nemenda. Æskilegt er að verðmæti séu skilin eftir heima.

Sérstakar umgengis- og samskiptareglur: Kennarar einstakra námshópa setja sérstakar umgengis- og samskiptareglur (bekkjarreglur) í samráði við nemendur um aðra hluti en koma fram í reglum þessum.

Skólalóð: Við yfirgefum ekki skólalóð á skólatíma án leyfis.

Símareglur

Símafrí er í grunnskólum Akureyrar. Nemendur geyma símann sinn heima eða í læstum skápum á skólatíma. Símafrí á við um alla nemendur í öllum grunnskólum Akureyrarbæjar og nær yfir síma og önnur snjalltæki sem trufla kennslu og einbeitingu. Símar eða önnur snjalltæki eru ekki leyfð á skólatíma, hvorki í skólanum né á skólalóð. Leiðin milli skóla og íþróttamannvirkja telst til skólalóðar.

Mötuneyti

Hlíðarskóli býður upp á morgunmat á morgnanna og heitan mat í hádeginu ásamt veglegum salatbar þar sem áhersla er lögð á hollan og næringarríkan mat. Alla morgna kl. 09:10 – 09:25 er morgunmatur þar sem nemendum og starfsfólki býðst að fá sér hafragraut og morgunkorn.

Tómstundastarf og félagslíf

Nemendur á unglingastigi eiga þess kost að sækja félagsmiðstöðvar í heimaskólum sínum. Félagsmiðstöðvar bjóða upp á opið starf þar sem unglingarnir sjálfir, undir handleiðslu starfsmanna skipuleggja og sjá um viðburði. Félagsmiðstöðvarnar eru opnar á virkum kvöldum kl. 20:00 - 22:00. Við skólann starfar í hlutastarfi deildarstjóri forvarnar- og frístundamála sem sinnir forvarnarfræðslu í skólanum auk þess að kynna fyrir nemendum starfsemi félagsmiðstöðvanna.

Forföll og leyfi

Leyfi í 3 daga eða lengur skal sækja um til skólastjóra eða deildarstjóra, sem veitt geta leyfið í samráði við umsjónarkennara. Athygli skal vakin á því að skv. 15. gr. grunnskólalaga frá 2008 er öll röskun á námi sem hlýst af leyfum frá skóla á ábyrgð foreldra eða forráðamanna. Þar segir um tímabundna undanþágu barns frá skólagöngu: „Forráðamaður skal sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan á undanþágu stendur.“

Önnur forföll sbr. veikindi skal tilkynna daglega með því að hringja í skólann í síma 414-7980.

Innra mat og umbætur

Í Hlíðarskóli situr allt starfsfólk í gæðaráði. Gæðaráð fylgir eftir innra mati í skólanum og sér um að taka saman gögn og upplýsingar um matsþætti skólans hverju sinni, skrifa skýrslu og gera umbótaáætlun. Gæðaráðið starfar eftir lögum og reglum um innra mat í skólum samkvæmt grunnskólalögum.

Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
- Auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, efla fagmennsku, starfs- og skólaþróun ásamt því að styrkja skólann sem lærdómssamfélag.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð eiga að vera við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi.

Viðfangsefni innra mats er í samræmi við stefnu og markmið skólans varðandi nám og kennslu, mannauð, stjórnun, skólabrag og sérstaka viðburði skv. skóladagatali innan skólans og miða að skóla sem lærdómssamfélagi. Matsþættirnir eru metnir samkvæmt áætlun til fjögurra ára þar sem mikilvægir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar. Við mat á hverjum áhersluþætti fyrir sig er stuðst við gæðaviðmið menntastefnu Akureyrar og gátlista frá Menntamálastofnun varðandi innra mat.

[Hér er að finna skýrslu gæðaráðs og umbótaáætlun.](#)

Áætlanir skólans

Tilhögun kennslu – nám og kennsla

Í Hlíðarskóla er nemendum skipt í bekkjardeildir þvert á aldur með tilliti til náms- og félagslegrar stöðu. Námið er allt einstaklingsmiðað í samvinnu við nemendur og foreldra. Lögð er áhersla á góðan undirbúning fyrir áframhaldandi skólagöngu. Megin áhersla er lögð á stærðfræði, íslensku og ensku. Allir nemendur fá fjórar kennslustundir í list- og verkgreinum í hverri viku. Verkefni í list- og verkgreinum eru oft tengd annarri námsgrein og þannig unnin samþætt verkefni margra námsgreina. Markmið allra greina geta farið saman í einu þema þar sem unnið er með tungumálið, sköpun, upplýsingatækni, stærðfræði og samskipti svo eitthvað sé nefnt. Nám nemenda í grunnskóla grundvallast á samspili margra þátta. Til að nemandi nái góðum árangri í námi þarf hann að vera í hvetjandi námsumhverfi, upplifa væntingar, læra vönduð vinnubrögð og njóta góðrar kennslu þar sem horft er til þarfa hans og markmiða.

Útbúin er einstaklingsnámskrá fyrir hvern og einn nemanda í samvinnu við nemanda og foreldra í hverju fagi. Námskráin tekur mið af náms- og félagslegri stöðu nemandans með áherslu á félagslega hegðun í samvinnu við foreldra. Foreldrar eru kallaðir til á fundi og til samráðs eins oft og nauðsyn ber til, að lágmarki tvisvar í mánuði. Hver nemandi mætir á fund að jafnaði einu sinni í mánuði. Þann fund sitja, auk nemanda, umsjónarkennari, fjölskylduráðgjafi og foreldrar/forráðamaður. Að hausti setur nemandi sér markmið sem unnið er að næstu vikunna. Að sex vikum liðnum er komið að því að skoða stöðuna og annaðhvort bæta við markmiðum eða útfæra sett markmið á annan hátt til að auðvelda nemanda að ná

settu markmiði. Þar gefst líka gott tækifæri til að fara yfir líðan nemandans og gefa honum færi á að tjá sig um það sem hann vill.

Allt nám í skólanum er skipulagt í námstímabilum þar sem skólaárinu er skipt í tímabil sem spanna nokkrar vikur hvert, misjafnt eftir fögum. Unnið er að ákveðnum hæfniviðmiðum í hverri lotu og markast námsmarkmið hvers nemanda, sem koma fram í einstaklingsnámskrá, af námsstöðu hans hverju sinni. Nemendur í sama námshópi eru að vinna að samskonar verkefnum með sömu áherslum. Hvaða námsmarkmið og hvernig metið er kemur fram í einstaklingsnámskrám.

Á [þessari slóð má sjá námsáætlanir skólaársins 2026-2027](#). Nemendur í 3.-4. bekk vinna eftir námsáætlunum á 1.þrepi. Nemendur í 5. – 7. bekk vinna eftir námsáætlunum á 2. þrepi og nemendur í 78.-10. bekk eftir námsáætlunum á 3. þrepi.

Starfsáætlun gæðaráðs

Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- Auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, efla fagmennsku, starfs- og skólaþróun ásamt því að styrkja skólann sem lærdómssamfélag.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð eiga að vera við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi.

Viðfangsefni innra mats er í samræmi við stefnu og markmið skólans og menntastefnu Akureyrarbæjar varðandi stjórnun og faglega forystu, nám og kennslu, innra mat og sérstaka viðburði skv. skóladagatali innan skólans og miða að skóla sem lærdómssamfélagi. Matsþættirnir eru metnir samkvæmt áætlun til fjögurra ára þar sem mikilvægir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar. Við mat á hverjum áhersluþætti fyrir sig er stuðst við gátlista gæðaviðmiða samkvæmt menntastefnu Akureyrarbæjar og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. [Hér er slóð á langtímaáætlun gæðaráðs.](#)

Umbótaáætlun

Hér má [sjá umbótaáætlun Hlíðarskóla 2026-2027](#).

Starfsþróunaráætlun starfsfólks

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunar-/ starfsþróunaráætlun sem er lögð fram á hverju ári.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150/126/102 klukkustundum á ári til símenntunar og undirbúnings kennara og fer fjöldi tíma eftir aldri kennara. Starfsþróun, sem hluti af þessum tíma, er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni

við á starfstíma skólans, eftir samkomulagi. 33% álag leggst á námskeið sem fara fram á starfstíma skólans og 45% álag leggst á námskeið sem fara fram á frídögum eða um helgar.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlana. Starfsfólk tekur þátt í að móta símenntunaráætlanir. Vilji og viðhorf starfsmanna skipta öllu máli varðandi það hvort starfsþróunin nýtist þeim vel eða ekki.

Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin starfsþróun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Það tekur virkan þátt í gerð eigin starfsþróunaráætlunar, fylgir henni eftir og óskar eftir aðstoð ef þörf krefur. Starfsfólk greinir skólastjórnanda frá þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hver starfsmaður ber ábyrgð á að halda skrá um þátttöku sína í símenntun og öðrum starfsþróunarverkefnum og tímamagn sem í þessi verkefni fer með skráningu tíma í Vinnustund.

Starfsmenn sækja um námskeið til stjórnenda í starfsmannasamtölum en einnig á öðrum tíma ef þurfa þykir. Forgangsraðað er í samræmi við áherslur skólans og fjármagn. Reynt er að fremsta magni að jafna tækifæri til starfsþróunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum.

Starfsþróun kennara skiptist í tvo meginþætti:

- Þætti sem eru hluti af stefnu skólans og allir þurfa að tileinka sér
- Þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Námskeið sem tengjast þáttum sem eru hluti af stefnu skólans og ætlast er til að allt starfsfólk tileinki sér eru almennt skipulögð og greidd af skólanum og fara fram á vinnutíma. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, þróunarverkefna, áhersluatriðum innan skólans á grundvelli innra mats skóla.

Námskeið sem tengjast áhugasviði kennara eða sem nýtist honum í starfi eru skipulögð og greidd af kennara og fara yfirleitt fram utan vinnutíma. Kennarar geta sótt um styrk/greiðslu námskeiðskostnaðar frá Endurmenntunarsjóði kennarasambandsins. Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Leiðir til starfsþróunar:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila (t.d. menntabúðir Eymennt)
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (telst ekki hluti af 150/126/102 tímum sem skráist sem símenntun).
- Umbóta- og/eða þróunarverkefni
- Teymisvinna
- Sjálfsnám (lestur, myndbönd, netið o.fl.)
- Markviss notkun upplýsingatækni í námi og mati
- Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir
- Hreyfing

Markmið starfsþróunar er að:

- Skapa starfsfólki skilyrði til að afla sér nýrrar þekkingar og hæfni sem nýtist þeim í starfi
- Starfsmenn þrói eigin starfshætti með eftirfarandi að leiðarljósi: „Hvað er nemandanum fyrir bestu“
- Hver og einn setji sér markmið og vinni að þeim

- Nýta tækifæri sem bjóðast til starfsþróunar
- Fá tækifæri til að miðla af eigin þekkingu og reynslu
- Vera opin fyrir nýjum hugmyndum og reyna þær í starfi
- Að dýpka þekkingu kennara á grunnþáttum menntunar (læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun) og tengja hið daglega starf við þessa grunnþætti á sýnilegan hátt.

Sjóðir sem starfsmenn geta sótt um styrki til eru m.a.:

- Endurmenntunarsjóðir Ken@>:narasambands Íslands (t.d. þróunarstarf, námslaun, námskeiðsgjöld, ferðastyrkir)
- Sjóðir BHM (fyrir þroskaþjálfu o.fl.)
- Sprotasjóður (styrkir þróunarstarf)
- Endurmenntunarsjóður grunnskóla (skólar sækja um styrki)

Viðfangsefni	Tími – ár - mánuður	Fyrir hverja	Umsjón	Annað
Innleiðing endurskoðaðra greinasviða Aðalnámskrár	2026 – 2029	Allir kennarar	Kennarar og stjórnendur	Verkefni sem er í gangi allt skólaárið
Innleiðing á breytingum matskvarða og námsmats í Aðalnámskrá	2026 – 2027	Allir kennarar	Kennarar og stjórnendur	Verkefni sem er í gangi allt skólaárið
Collaborative & Proactive Solutions (CPS)	20206 – 2027	Allt starfsfólk	Allt starfsfólk og MSHA	
Réttindaskóli UNICEF	2026 - 2027	Allt starfsfólk	Stjórnendur og annað starfsfólk	Skólinn er í innleiðingarferli að verða Réttindaskóli
Framsetning námsmats og birting þess í námsumsjónarkerfum	2026 - 2027	Kennarar	Deildarstjóri og kennarar	
Leiðsagnarnám	2026 – 2027	Kennarar	Skólastjórnendur, kennarar og MSHA	
Jafnréttismál	2026 – 2027]#} /	Allt starfsfólk	Stjórnendur	
Menntabúðir Eymennt	2026 – 2027	Kennarar	Samvinnuverkefni Eymennt og Háskólans á Akureyri	Þrisvar yfir skólaárið
Áætlun gegn einelti	2026 – 2027	Allt starfsfólk	Eineltisteymi	Á starfsdegi í nóvember
Teymiskennsla	2026 – 2027	Kennarar og uppeldisfulltrúar	Kennarar, skólastjórnendur og MSHA	
Áfallamiðuð nálgun	nóvember 2026	Allt starfsfólk	Karen Nóadóttir og Skólastjórnendur	Fræðsla á starfsdegi í nóvember

Viðbragðs- og rýmingaráætlanir

- Rýmingaráætlun
 - Ef rýma þarf skólann vegna brunaboða eða annarrar ógnar er farið eftir rýmingaráætlun skólans. Nemendur og starfsfólk safnast saman á söfnunarsvæði á skólalóð.
- Veikindafaraldur
 - Unnið er samkvæmt viðbragðsáætlun Almanna- og Hæðisráðs um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu.
- Óveður
 - Skólahaldi er almennt ekki aflýst. Ef nauðsynlegt er að aflýsa skólastarfi að morgni er send tilkynning í RÚV og Bylgjuna fyrir klukkan 7.00 að morgni. Einnig er sett tilkynning á

heimasíðu skólans og foreldrum sendur tölvupóstur. Við tvísýnar aðstæður er það ávallt foreldra/forráðamanna að meta hvort þeir treysti börnum sínum í skólann.

- Eldgos
 - Ekki er virk eldstöð í Eyjafirði, hætta sem stafar af eldgosum í Hlíðarskóla er vegna afleiðinga eldgosa annarsstaðar á landinu, í formi öskufalla og gasmengunar. Unnið er samkvæmt [viðbragðsáætlun Almannavarna](#).
- Jarðskjálftar
 - Jarðskjálftar verða þegar jarðskorpan brotnar eða hrekkur til á gömlum brotaflötum. Þeir gera sjaldnast boð á undan sér. Því er nauðsynlegt að gera öryggisráðstafanir fyrirfram og læra rétt viðbrögð. [Hér má sjá](#) viðbragðsáætlun Hlíðarskóla við jarðskjálftum.

Starfsáætlun nemenda

Stundaskrá nemenda

Stundaskrá Hlíðarskóla skólaárið 2025-2026 er með eftirfarandi hætti: Kennsla hefst kl. 8:15 með því að allir nemendur eiga gæðastund með umsjónarkennara sínum og bekk í heimastofum. Fyrsta kennslustund hefst svo kl. 8:30. Klukkan 9:10 snæða nemendur morgunverð og er það hluti af lífsleiknikennslu. 9:25 hefst næsta kennslulota. Frímínútur eru frá kl. 10:05 – 10:30. Þá hefst ávaxtastund sem stendur til kl. 10:40. Tvær samliggjandi kennslustundir taka þá við til klukkan 12:00 en þá hefst hádegismatur og frímínútur sem standa til kl. 12:40. Síðasta lota dagsins er tvær kennslustundir sem standa frá kl. 12:40 – 14:00 og lýkur þá skóladegi nemenda. Á föstudögum lýkur kennslu klukkan 12:00. Að auki býðst nemendum á unglíngastigi að sækja val tíma utan skólans.

Helstu viðburðir og vettvangsferðir

Skólinn hefur þá stefnu að hafa útivist og vettvangsferðir sem hluta af námi nemenda. Í þessum ferðalögum/námsferðum gilda skólareglur og ber nemendum að fara eftir fyrirmælum starfsmanna í hvívetna. Farið er bæði í stuttar og langar ferðir yfir starfsárið, gönguferðir í nágrenni skólans, ferðir á Amtsbókasafnið. Á skólaárinu er stefnt að því að fara í fjöruferðir, í náttúruskoðun, safnaferðir, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir o.fl. Hollvinir Húna II bjóða öllum nemendum upp á skólasiglingu og fræðslu um lífríkið í hafinu og verður sú ferð farin föstudaginn 28.ágúst. Að hausti fara allir nemendur og starfsfólk í lengri gönguferð þar sem gefst gott tækifæri til að kynnast hvort öðru, treysta sambönd og reyna á eigin getu og mörk. Að vori fara allir nemendur og starfsfólk í dagsferð/skólaferðalag.

Viðtalsdagar

Foreldrar nemenda í Hlíðarskóla starfa náíð með fjölskylduráðgjafa og kennurum og er það mikilvægur þáttur í framförum og vellíðan nemenda. Foreldrar koma á fund fjölskylduráðgjafa, ásamt umsjónarkennara og barni sínu á sex vikna fresti allt skólaárið. Á þessum fundum setja nemendur sér markmið í þremur þáttum: Heilsu, félags og námslegum. Markmiðin eru yfirfarin og endurskoðuð reglulega yfir veturinn eftir þörfum, hvort heldur sem er með nemendum og foreldrum eða nemendum einum og sér. Að auki hitta foreldrar fjölskylduráðgjafa á tveggja vikna fresti án nemenda og kennara.

Félög og ráð

Skólaráð

- Nöfn fulltrúa veturinn 2026-2027:
 - Valdimar Heiðar Valsson, skólastjóri
 - Guðmundur Elías Hákonarson, kennari
 - Halldór Logi Valsson, ráðgjafi
 - Inga Fjóra Baldursdóttir, nemandi
 - Magnús Ingi Andrason, nemandi
 - Stefán Helgi Jakobsson, nemandi
 - Atli Hrafn Hreiðarsson, nemandi
 - Sonja Hallgrímsdóttir, foreldri
 - Svanur Berg Jóhannsson, fulltrúi nærsamfélagsins
- Starfsáætlun:

Skólastjóri boðar til fundar skólaráðs. Hér er að finna yfirlit yfir áætlaða fundi skólaárið 2026-2027 og helstu verkefni ráðsins. Önnur atriði verða tekin fyrir eftir þörfum.

Október 2026, 1. fundur

Markmið: Fara yfir áætlanir, skólareglur og stefnumótun.

Viðfangsefni: Kynning á skólanámskrá og starfsáætlun yfirstandandi skólaárs. Umræða um skólareglur og umgengnishætti. Tekið þátt í mótun stefnu skólans og tengslum við grenndarsamfélagið. Farið yfir erindi sem varða upphaf árs.

Febrúar 2027, 2. fundur

Markmið: Fjalla um rekstur, öryggi og velferð.

Viðfangsefni: Rýnt í rekstraráætlun skólans. Farið yfir öryggismál, húsnæði, aðstöðu og almenna velferð nemenda. Afgreiðsla á erindum frá skólanefnd, foreldrafélagi, kennarafundi eða öðrum aðilum.

Maí 2027, 3. fundur

Markmið: Uppgjör skólaársins og undirbúningur framtíðar.

Viðfangsefni: Farið yfir fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og umsagnir gefnar. Rýnt í drög að skólanámskrá og starfsáætlun fyrir komandi skólaár 2027-2028. Yfirferð á öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

- Fundargerðir skólaráðs eru birtar á heimasíðu skólans, hlidarskoli.is

Nemendafélag/ nemendaráð /réttindaráð

- Nöfn fulltrúa:
 - Inga Fjóra Baldursdóttir
 - Magnús Ingi Andrason
 - Stefán Helgi Jakobsson
 - Atli Hrafn Hreiðarsson

- Valdimar Heiðar Valsson, skólastjóri
- Starfsáætlun nemendaráðs og réttindaráðs Hlíðarskóla 2026-2027.
Nemendafélag nemenda Hlíðarskóla og réttindaráð Hlíðarskóla eru sameinuð í eitt ráð. Verkefni ráðsins er að standa vörð um þarfir og vellíðan nemenda og tryggja inngildandi og öruggt skólaumhverfi, með skýrri tengingu við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun (t.d. markmið 4 um menntun fyrir alla og 10 um aukinn jöfnuð). Ráðið fundar reglulega yfir skólaárið og er skólastjóri ráðinu innan handar á fundum jafnt sem utan þeirra.

Áfangar og tímamörk (Skólaárið 2026-2027)

Áfangi 1: Grunnur og markmiðasetning (ágúst - október 2026)

Skipanir í embætti (fyrir 1.okt): Fulltrúar skipa í hlutverk innan ráðsins.

Þarfagreining (fyrir 1. okt): Könnun eða umræður til að greina óskir nemenda.

Ráðið safnar upplýsingum(könnun) frá nemendum og gengur úr skugga um að gerður sé sáttmáli í öllum bekkjum sem tekur á „Réttindum og óskum nemenda“ sem byggir á grunnreglum Barnasáttmálans (t.d. 12. gr. um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós).

Áfangi 2: Aðgerðir og hagsmunagæsla (nóvember 2026 - janúar 2027)

Réttindafræðsludagur (fyrir 20. nóv): Nemendaráð gerir grein fyrir niðurstöðum og kynnir þær fyrir skólanum á degi mannréttinda barna, 20. nóvember.

Áfangi 3: Samfélag og þátttaka (febrúar - apríl 2027)

Árshátíð skólans (febrúar/mars): Skipuleggja fjáröflun nemenda á árshátíð skólans sem haldin verður 18. mars.

Áfangi 4: Ígrundun og yfirfærsla (maí - júní 2027)

Vorfagnaður (fyrir 25. maí): Skipuleggja vorfagnað nemenda.

Tillögur fyrir næsta ár (fyrir 5. júní): Skrásetja hvað gekk vel og hvað þarf að bæta.

- Fundargerðir birtar á heimasíðu og vistaðar á gagnasvæði skólans.

Foreldrafélag

- Nöfn fulltrúa:
 - Unnur Ósk Unnsteinsdóttir
 - Guðrún Arndís Aradóttir
- Starfsáætlun foreldrafélagsins fyrir skólaárið 2026-2027 byggir á því að virkja sjálfbóðaliða úr hópi foreldra strax við skólaásetningu til að efla skólasamfélagið. Meginmarkmiðið er að skipuleggja og framkvæma tvo fjölskylduviðburði, þar sem annar er haldinn fyrir áramót en hinn eftir áramót.
- Upplýsingar um hvar fundargerðir er að finna

Forvarnarteymi

- Nöfn fulltrúa:
 - Valdimar Heiðar Valsson, skólastjóri
 - Erla Margrét Hilmisdóttir, deildarstjóri
 - Signý Valdimarsdóttir, félagsráðgjafi/fjölskylduráðgjafi
 - Arna Tryggvadóttir, þroskaþjálfari
 - Freyja Kjartansdóttir, deildarstjóri forvarna- og frístundamála
 - Halldór Logi Valsson, ráðgjafi

- Brynhildur Smáradóttir, skóla hjúkrunarfræðingur
- Í hverjum grunnskóla skal starfa forvarnarteymi sem hefur eftirfarandi hlutverk:
 - Teymið á að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda.
 - Teymið skal leitast við að tryggja samhæfð vinnubrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Sérstaklega verði horft eftir merkjum um slíkt í tengslum við umfjöllun sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.
 - Teymið skal vera kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjá um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks.
- Ýmiskonar forvarnarstarf á sér stað í skólanum jafnt og þétt. Í upphafi hvers dags er ***gæðastund*** þar sem umsjónarkennarar eiga samtalsfund við nemendur um líðan, upplifanir og tilfinningar. Allir nemendur sitja 12 vikna ***ART námskeið*** á hverju skólaári þar sem markviss kennsla í ***félagsfærni, sjálfstjórn og siðferði*** fer fram. ***Lífsleiknikennsla*** og ***bekkjarfundir*** eru í öllum bekkjum með það að markmiði að efla samskiptahæfni og sjálfstraust nemenda.
- Freyja Kjartansdóttir, deildarstjóri forvarna- og frístundamála, hefur yfirsýn með forvarnarfræðslu fyrir hönd skólans í samráði Halldór Loga, ráðgjafa og forvarnarteymi skólans. Samfélagslöggan kemur með fræðslu inn í skólann varðandi meðal annars hegðun í umferðinni, hættur og skyldur.
- Skólahjúkrunarfræðingur sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu í öllum árgöngum og er áherslan að hvetja til heilbrigðra lífshátta. Eftir fræðslu fá forsjáraðilar upplýsingar í tölvupósti um fræðsluna. Þá gefst þeim kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig hægt er að nýta það í daglegu lífi.
- **Áherslurnar í aðkomu hjúkrunarfræðings eru eftirfarandi:**
 - Bólusetningar :
 - Ófullnægjandi bólusetningar hjá nemendum sem komnir eru í 10. bekk
 - Bólusetningar - 7.bekkur - (í sept. og fyrir skólalok að vori)
 - Bólusetningar - 9. Bekkur – (janúar)
 - **Skimanir og heilsueflandi viðtöl :**
 - 1.bekkur (september),
 - 9.bekkur (janúar),
 - 4.bekkur (nóvember),
 - 7.bekkur (október)
 - **Fræðsla:**
 - 1.bekkur: Líkaminn minn, hjálmafræðsla
 - 2. bekkur: Tilfinningar
 - 3. bekkur: 6h heilsunnar - verkefni
 - 4.bekkur: Kvíði, slysafræðsla
 - 5.bekkur: Samskipti
 - 6.bekkur: Fræðsla um kynþroska, endurlífgun
 - 8.bekkur: Hugrekki, samskipti og sjálfsmynd, endurlífgun
 - 9.bekkur: Kynheilbrigði,
 - 10.bekkur: Ábyrgð á eigin heilsu, kynheilbrigði

Valgreinar

Nemendur í Hlíðarskóla á unglingastigi sækja valgreinar, þegar því verður við komið, í aðra grunnskóla á Akureyri líkt og jafnaldrar í heimaskólum. Þegar nemandi í Hlíðarskóla er farinn að sýna stöðuga hegðun og framfarir fær hann undirbúning til að geta sótt valgreinar í öðrum skólum. Að sækja valgreinar í öðrum skólum er mikilvægur þáttur í að styrkja nemandann félagslega og fyrsta skrefið í að þjálfa hann í skólasamfélagi utan Hlíðarskóla. Einnig eiga nemendur í 10. bekk kost á að sækja valgreinar í VMA þar sem markmiðið er m.a. að nemendur Hlíðarskóla geti nýtt sér sérþekkingu og sérhæfð verkstæði bæði í bók- og verkgreinum. Einnig getur þátttaka í íþróttum eða öðrum tómstundum verið metin sem valgrein, s.s. tónlistar- og myndlistarnám, skátastarf eða íþróttæfingar.

Allir nemendur, óháð aldri, fá einnig val innan skólans sem nær yfir fjórar kennslustundir á viku og er það bæði fjölbreytt og síbreytilegt. Valið er bæði bóklegt og verklegt og höfðar til mismunandi hæfni og áhugasviðs nemenda.

Stoðþjónusta

Sérfræðiþjónusta

Hlíðarskóli er sérúrræði innan grunnskólakerfis Akureyrarbæjar fyrir nemendur sem glíma við áskoranir sem gerir þeim erfitt að dafna, líða vel og/eða stunda árangursríkt nám í almennum grunnskóla. Má þar nefna t.d. félags- og tilfinningaleg vandamál, hegðunar- og aðlögunarvanda, samskiptaröskun, vanda á einhverfurófinu, sértæka námserfiðleika og skerðingar af ýmsum toga.

Miðað er við að skólinn sé tímabundið úrræði sem tekur við þegar reynt hefur verið til þrautar að mæta þörfum nemandans í heimaskóla hans og er eitt til þrjú ár algeng lengd skólavistar í Hlíðarskóla. Í sumum tilvikum getur þurft lengri tíma. Nemendur fá tækifæri til þess að læra á sem fjölbreytilegastan hátt til þess að hinir ýmsu greindarþættir þeirra og sterkar hliðar fái notið sín og því byggir kennslan á fjölbreytni og tekur tillit til mismunandi þarfa. Öll kennsla sem fram fer í skólanum er flokkuð sem sérkennsla og koma kennarar, þroskþjálfari, ráðgjafi og uppeldisfulltrúar að kennslu. Við skólann starfar einnig félagsráðgjafi sem sinnir fjölskylduráðgjöf ásamt því að veita nemendum viðtöl.

Þroskþjálfari og ART þjálfari/ráðgjafi veita nemendum sinna persónuþvingu nemenda í samstarfi við umsjónarkennara barnanna.

Skólaheilsugæsla

Heilsugæslu í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum og læknum frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Hjúkrunarfræðingur skólans er Brynhildur Smáradóttir (brynhildur@akmennt.is). Hún hefur aðsetur í skólanum einn miðvikudag í mánuði frá klukkan 8:00 – 12:00. Heilsugæsla í skólum er framhald ung- og smábarnaverndar. Hún er m.a. fólgin í reglulegum heilsufarsathugunum og ónæmisaðgerðum, heilbrigðisfræðslu, ráðgjöf og eftirliti með húsakynnum og aðbúnaði. Auk þess sinna hjúkrunarfræðingar í skólunum sjúkra- og slysaþjónustu að vissu marki á skólatíma. Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á líðan og heilbrigði barna sinna. Góð samvinna og gott upplýsingaflæði er mikilvægt til að starfsfólk skólaheilsugæslu geti sinnt starfi sínu sem best. Því eru foreldrar hvattir til að hafa samband við hjúkrunarfræðing skólans ef einhverjar breytingar verða hjá barninu sem gætu haft áhrif á andlegt, líkamlegt eða félagslegt heilbrigði þess. Fyllsta trúnaðar gætt um mál einstakra nemenda.

Fræðslu- og lýðheilsusvið

Almennt um samstarf við skólaþjónustuna

Gott samstarf er við skólaþjónustu fræðslu- og lýðheilsusviðs Akureyrar og leitar starfsfólk skólans eftir ráðgjöf þangað þegar á þarf að halda. Starfsfólk skólaþjónustu er í nokkrum tilvikum aðilar að teyimum nemenda skólans sem funda reglulega.

Samkvæmt 40. grein grunnskólalaga skulu sveitarfélög tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum og ákveða fyrirkomulag hennar. Starfsfólk sérfræðiþjónustu, sálfræðingar eða kennsluráðgjafar aðstoða starfsfólk skólans við greiningu á nemendum sem kunna að eiga í líkamlegum, sálrænum eða félagslegum vanda sem getur haft áhrif á námsframvindu. Að lokinni athugun og greiningu gerir starfsfólk sérfræðiþjónustu tillögur um viðeigandi úrræði í samvinnu við starfsfólk skólans, svo sem ráðgjöf og fræðslu til kennara og foreldra og viðeigandi stuðning við nemendur eða nemendahópa. Niðurstöðum greininga er skilað í skriflegri skýrslu og á fundi með foreldrum, fulltrúa frá skóla og nemenda ef við á og veitt viðeigandi ráðgjöf. Um leið er ákveðið hvort um frekari eftirfylgd verður að ræða.

Sérfræðiþjónustunni er ekki ætlað að veita meðferð, eingöngu ráðgjöf. Ekki er hægt að vísa nemendum í viðtalsmeðferð hjá skólasálfræðingi hjá Akureyrarbæ. Stundum fá nemendur þó einhver viðtöl í tengslum við greiningu og eftirfylgd.

Samstarf við grenndarsamfélag

Samstarf við leikskóla

Hlíðarskóli á ekki í virku samstarfi við leikskóla þar sem ekki er gert ráð fyrir að nemendur hefji nám í Hlíðarskóla strax að loknu námi í leikskóla.

Samstarf við framhaldsskóla

Fjölskylduráðgjafi hefur umsjón með samskiptum við framhaldsskóla á svæðinu. Framhaldsskólarnir bjóða nemendum Hlíðarskóla í heimsókn í framhaldsskólana til að kynna fyrir þeim námsframboð skólanna. Þegar líður að lokum skólaársins er komið á samtali milli stofnananna til að flutningur nemenda á milli skólastiga verði sem bestur og upplýsingar um námsþarfir hvers og eins komist vel til skila.

Móttaka nýrra nemenda

Í Hlíðarskóla er lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum nemendum og reyna mynda tengsl strax í fyrstu heimsókn. Mikilvægt er að nemandinn og foreldrar hans fái strax í upphafi jákvæða mynd af skólanum og að foreldrum og nemendum finnist þeir velkomnir í skólann. Ef barn er í miklum vanda í sínum heimaskóla og ekki hefur tekist að vinna bug á þeim vandamálum með þeim úrræðum sem skólinn býr yfir er farið að huga að umsókn í Hlíðarskóla. Yfirleitt byrja foreldrar á að koma í heimsókn og skoða aðstæður. Ef þeim lýst vel starfsemina og aðbúnað í skólanum er farið í að sækja um fyrir nemandann. Inntökunefnd Hlíðarskóla fer yfir allar umsóknir og úthlutar skólaplássum út frá því hvar þörfin er mest og hvaða aldur hentar inn hverju sinni. Hljóti nemandi inngöngu í Hlíðarskóla sendir skólastjóri svarbréf í tölvupósti til forráðarmanna og tengilið þess skóla sem nemandinn kemur úr. Þegar búið er að senda svarbréfið, til þeirra sem fá inngöngu í skólann, er byrjað á að hafa samband við forráðamenn til þess að finna hentugan tíma fyrir nemandann að koma og kíkja á aðstæður í Hlíðarskóla. Í slíkum heimsóknum er farið yfir helstu atriði t.d. stundatöflu skólans, helstu reglur og rútuhringinn. Þegar sú heimsókn hefur farið fram er ákveðið hvenær fyrsti skóladagurinn í Hlíðarskóla fari fram. Skólinn sér til þess að öll gögn

um nemandann hafa borist skólanum áður en nemandi hefur skólagöngu svo skólinn sé eins vel í stakk búinn að taka á móti nemandanum. Skólinn sér til þess að allur aðbúnaður sé til staðar svo nemandinn muni eiga ánægjulega og hnökralausa byrjun í skólanum. Starfsfólk Hlíðarskóla kappkostar að mynda tengsl við nýja nemendur svo þeim finnist þeir velkomnir og eigi ánægjulega upplifun í skólanum.